

Mosfellsbær  
Ársreikningur  
2025

Mosfellsbær  
Þverholti 2  
270 Mosfellsbær

Kt. 470269-5969

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun bæjarstjóra, bæjarráðs og bæjarstjórnar .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	7
Efnahagsreikningur .....	8
Sjóðstreymisyfirlit .....	10
Skýringar .....	11

## Skýrsla og áritun bæjarstjóra, bæjarráðs og bæjarstjórnar

Ársreikningur Mosfellsbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 24 ma. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 22,1 ma. kr. Álagningarhlutfall útsvars var 14,97% sem er lögbundið hámark.

Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,20% en lögbundið hámark þess er 0,5% án álags, í B-flokki nam álagningarhlutfall 1,32% sem er lögbundið hlutfall og í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,495% en lögbundið hámark þess er 1,65% sem er lögbundið hámark með álagi. Sveitarstjórnir hafa heimild til að hækka álagningarhlutfall í A og C-flokki um allt að 25%.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta nam 514,2 millj. kr. og rekstrarniðurstaða A hluta nam 293,2 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2025 nam 9,8 ma. kr. samkvæmt efnahagsreikningi fyrir A og B hluta, en eigið fé A hluta um 7,6 ma. kr.

Ársreikningur Mosfellsbæjar fyrir árið 2025 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Mosfellsbæ, 9. apríl 2026

Bæjarstjóri:

*Freda M. Hauksdóttir*

Bæjarráð:

*Halla Hann Þinngaradóttir* *Ólafur Þorvaldsson*  
*Leuna Þor. Guðnadóttir* *Þorgeir Þorvaldsson* *Jana Katriu Kviðsdóttir*

Ársreikningur Mosfellsbæjar fyrir árið 2025 hefur hlotið afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við ákvæði 61. gr. sveitarstjórnarlaga og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Mosfellsbæ, / 2026

Bæjarstjórn:

## Rekstrarreikningur ársins 2025

Skýr.	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024
<b>Rekstrartekjur</b>						
Útsvar og fasteignaskattur ....	14.119.985	14.113.954	13.050.768	14.096.627	14.093.815	13.029.296
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	4.174.233	3.950.000	3.920.241	4.174.233	3.950.000	3.920.241
Aðrar tekjur .....	3.767.713	3.195.240	3.406.307	5.693.812	5.004.214	5.269.932
4	<u>22.061.931</u>	<u>21.259.194</u>	<u>20.377.316</u>	<u>23.964.672</u>	<u>23.048.029</u>	<u>22.219.469</u>
<b>Rekstrargjöld</b>						
Laun og launatengd gjöld .....	5 11.851.873	11.448.280	10.546.245	12.310.202	11.895.568	10.954.961
Lífeyrisskuldbind., hækkun ....	15 409.610	305.000	189.919	408.576	305.000	190.573
Annar rekstrarkostnaður .....	7.718.102	7.546.199	7.174.178	8.626.041	8.192.543	8.106.224
	<u>19.979.585</u>	<u>19.299.479</u>	<u>17.910.342</u>	<u>21.344.819</u>	<u>20.393.110</u>	<u>19.251.757</u>
Rekstrarniðurst. fyrir afskr. ....	2.082.345	1.959.715	2.466.974	2.619.853	2.654.918	2.967.712
Afskriftir .....	8 ( 541.644 )	( 523.730 )	( 485.531 )	( 706.901 )	( 690.943 )	( 647.816 )
Rekstrarniðurst. án fjárm.tekna og fjármagnsgjalda .....	1.540.702	1.435.985	1.981.442	1.912.952	1.963.976	2.319.896
Fjármunat. og (fjárm.gjöld) ....	6 ( 1.247.526 )	( 1.157.550 )	( 1.287.296 )	( 1.364.677 )	( 1.288.339 )	( 1.420.715 )
Tekjuskattur .....	16 0	0	0	( 34.060 )	( 12.685 )	( 21.685 )
<b>Rekstrarniðurstaða .....</b>	<b>14 293.176</b>	<b>278.435</b>	<b>694.146</b>	<b>514.215</b>	<b>662.952</b>	<b>877.495</b>

# Efnahagsreikningur

		<b>Eignir</b>			
		<b>A hluti</b>		<b>A og B hluti</b>	
Skýr.		<b>2025</b>	<b>2024</b>	<b>2025</b>	<b>2024</b>
<b>Fastafjármunir</b>					
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
	Fasteignir og lóðir .....	26.503.569	24.063.596	27.470.864	24.886.775
	Byggingarland, veitu- og gatnakerfi .....	1.932.553	2.250.390	5.693.476	5.400.524
	Áhöld og tæki .....	91.420	82.597	278.194	262.313
8		<u>28.527.542</u>	<u>26.396.583</u>	<u>33.442.534</u>	<u>30.549.612</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
	Eignarhlutir í félögum .....	9 262.018	262.018	149.862	159.490
	Langtímakröfur .....	11 702.498	36.641	1.689.356	1.007.165
	Fyrirframgreiddur kostnaður .....	12 560.197	589.682	589.238	620.451
	Bundnar bankainnistæður .....	0	0	9.141	8.762
	Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	11 406.324	431.790	0	0
		<u>1.931.036</u>	<u>1.320.131</u>	<u>2.437.597</u>	<u>1.795.868</u>
	<b>Fastafjármunir</b>	<u>30.458.579</u>	<u>27.716.714</u>	<u>35.880.131</u>	<u>32.345.480</u>
<b>Veltufjármunir</b>					
	Birgðir .....	3i 3.028	4.051	9.267	9.656
Skammtímakröfur:					
	Óinnheimtar tekjur .....	13 2.093.794	1.892.633	2.212.252	2.033.800
	Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	1.393.101	930.356	0	0
	Fyrirframgreiddur kostnaður .....	12 29.112	29.112	30.638	30.648
	Aðrar skammtímakröfur .....	210.584	551.233	353.442	644.311
	Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki .....	11 41.453	38.251	0	0
	Næsta árs afborganir langtímakrafna .....	11 2.075	2.075	21.674	19.898
	Handbært fé .....	3k 91.437	87.802	189.419	145.874
	<b>Veltufjármunir</b>	<u>3.864.584</u>	<u>3.535.512</u>	<u>2.816.693</u>	<u>2.884.187</u>
	<b>Eignir samtals</b>	<u>34.323.163</u>	<u>31.252.227</u>	<u>38.696.825</u>	<u>35.229.667</u>

## 31. desember 2025

### Eigið fé og skuldir

	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		2025	2024	2025	2024
<b>Eigið fé</b>					
Eiginfjárreikningur .....	14	7.645.655	6.870.444	9.824.427	8.830.298
<b>Skuldbindingar</b>					
Lífeyrisskuldbinding .....	15	3.132.128	2.866.350	3.143.108	2.880.948
Tekjuskattskuldbinding .....	16	0	0	93.207	80.983
Aðrar skuldbindingar.....		0	0	26.494	26.832
		3.132.128	2.866.350	3.262.808	2.988.763
<b>Langtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....	17	18.712.247	16.989.448	20.418.790	18.652.878
		18.712.247	16.989.448	20.418.790	18.652.878
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....	17	681.870	749.912	681.870	749.912
Skuldir við eigin fyrirtæki .....		41.813	95.151	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	17	1.812.483	1.577.056	1.876.064	1.639.245
Fyrirframinnheimtar tekjur gatnaframkvæmda .....		0	0	780	0
Aðrar skammtímaskuldir .....		2.296.968	2.103.866	2.632.085	2.368.571
		4.833.134	4.525.985	5.190.799	4.757.728
Skuldir og skuldbindingar samtals		26.677.508	24.381.783	28.872.398	26.399.369
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>34.323.163</b>	<b>31.252.227</b>	<b>38.696.825</b>	<b>35.229.667</b>

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2025

	Skýr.	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2025	Áætlun með viðaukum 2025	Ársreikningur 2024	Ársreikningur 2025	Áætlun með viðaukum 2025	Ársreikningur 2024
<b>Rekstrarhreyfingar</b>							
Rekstrarniðurstaða .....	14	293.176	278.435	694.146	514.215	662.952	877.495
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir .....	8	541.644	523.730	485.531	706.901	690.942	647.816
Verðbætur .....		676.094	787.721	786.578	716.996	836.617	842.779
Byggingarréttur .....		( 765.665 )	( 514.000 )	( 752.893 )	( 765.665 )	( 514.000 )	( 752.893 )
Söluhagnaður eigna .....		( 2.194 )	0	0	( 55.515 )	( 120.000 )	( 9 )
Tekjuskattur, breyting .....	16	0	0	0	12.223	0	9.417
Breyting lífeyrisskuldb. ....	15	409.610	305.000	189.919	408.576	305.000	190.573
Aðrir liðir .....		0	0	0	( 506 )	0	( 506 )
Veltufé frá rekstri		1.152.665	1.380.886	1.403.281	1.537.226	1.861.512	1.814.672
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:							
Fyrirframgreiddur kostnaður ....	12	29.486	29.112	29.343	31.223	29.547	30.388
Birgðir, breyting .....		1.022	0	152	389	0	256
Óinnheimtar tekjur, breyting ....		( 201.162 )	0	( 199.996 )	( 178.452 )	0	( 248.077 )
Aðrar skammt.kröfur, br. ....		( 19.514 )	17.332	( 138.187 )	( 69.294 )	17.332	( 126.252 )
Skammtímaskuldir, breyting ....		191.341	275.500	( 37.690 )	260.132	213.302	( 13.697 )
Greiðslur vegna lífeyrissk. ....	15	( 143.833 )	( 115.000 )	( 125.257 )	( 144.119 )	( 115.000 )	( 125.543 )
		( 142.659 )	206.944	( 471.636 )	( 100.121 )	145.181	( 482.925 )
Handbært fé frá rekstri		1.010.006	1.587.830	931.646	1.437.105	2.006.693	1.331.747
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>							
Fjárf. í varanl. rekstrarfjárm. ....	8	( 3.338.294 )	( 4.039.500 )	( 3.133.064 )	( 4.268.718 )	( 5.378.672 )	( 3.744.287 )
Söluverð rekstrarfjármuna .....		2.476	0	486	58.077	125.000	587
Gatnagerðargjöld .....	8	1.148.506	1.295.000	451.694	1.148.506	1.295.000	451.694
Byggingarréttur .....		765.665	514.000	752.893	765.665	514.000	752.893
Eignarhlutur, breyting .....		0	( 108.340 )	0	7.879	( 108.340 )	0
Langtímakröfur, breyting .....	11	( 295.841 )	2.075	269	( 277.620 )	27.401	17.008
Langtímakr. á eigin fyrirt., br.....	11	39.668	41.279	36.604	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar		( 1.677.821 )	( 2.295.486 )	( 1.891.117 )	( 2.566.210 )	( 3.525.611 )	( 2.522.105 )
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>							
Skuldir við lánast., breyting .....		( 68.042 )	( 235.448 )	514.464	( 68.042 )	( 235.448 )	514.464
Viðskiptast. eigin fyrirt., br. ....		( 516.083 )	( 806.251 )	( 312.061 )	0	85.014	( 0 )
Tekin ný langtímalán .....	17	2.902.269	3.400.000	2.500.000	2.997.418	3.417.941	2.502.259
Afborganir langtímalána .....	17	( 1.647.274 )	( 1.650.772 )	( 1.716.765 )	( 1.757.766 )	( 1.721.221 )	( 1.789.230 )
Afborganir leiguskulda .....		0	0	( 19.023 )	0	0	( 19.023 )
Aðrir liðir .....		579	0	579	1.040	0	1.040
Fjármögnunarhreyfingar		671.449	707.529	967.194	1.172.650	1.546.286	1.209.510
<b>Breyting á handbæru fé .....</b>		3.634	( 127 )	7.722	43.545	27.368	19.152
<b>Handbært fé í årsbyrjun .....</b>		87.802	24.265	80.080	145.874	78.522	126.722
<b>Handbært fé í árslok.....</b>		91.437	24.139	87.802	189.419	105.891	145.874

# Skýringar

## 1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Mosfellsbær er sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu og voru íbúar 13.772 þann 1. janúar 2026. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Þverholti 2 í Mosfellsbæ.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningur Mosfellsbæjar fyrir árið 2025 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til samræmis við reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 er settur fram rekstrarreikningur, efnahagsreikningur, sjóðstreymisýfirlit og viðeigandi skýringar fyrir A hluta sveitarfélagsins.

Til samræmis við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 1212/2015 eru byggðasamlög, sameignarfélög, sameignarfyrirtæki og önnur félagaform sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélagsins færð inn í samantekin reikningsskil sveitarfélagsins miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélagsins. Í ársreikningi sveitarfélagsins er þessi ábyrgðarhlutdeild skilgreind sem hlutdeild í samstarfsverkefnum og er gert grein fyrir þeim í skýringu 10.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð, Þjónustustöð og Fasteignafélagið Lækjarhlíð ehf. auk hlutdeildar sveitarfélagsins í Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Hitaveita, Vatnsveita, Fráveita, Félagslegar íbúðir, Hlégarður og Hjúkrunarheimili (sjóður um byggingu og rekstur fasteignar) auk hlutdeildar í Sorpu bs. og Strætó bs.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningnum. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum nema annað sé tekið fram.

### a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyrja útsvar, fasteignaskattur og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur vegna gatnagerðar eru færðar til lækkunar á viðkomandi eignalið s.s. framkvæmdakostnað vegna nýbyggingar gatnamannvirkja sbr. d lið. Tekjur umfram framkvæmdakostnað eru færðar meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi. Reynist kostnaður við framkvæmdir lægri en tekjur vegna viðkomandi verkefnis er færsla tekna í rekstrarreikning gerð í verklok.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

## Skýringar, frh.:

---

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

#### b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

#### c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

#### d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við öflun rekstrarfjármuna. Frá kostnaðarverði dragast frá álögð gatnagerðargjöld og önnur framlög vegna stofnkostnaðar.

Leigðar eignir eru fasteignir og önnur mannvirki sem sveitarfélagið leigir til sín samkvæmt leigusamningum sem eru að lágmarki til þriggja ára og ekki uppsegjanlegir af hálfu sveitarfélagsins innan árs frá upphafsdegi leigusamnings.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar á hverjum reikningsskiladegi. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

#### e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir .....	25-50 ár
Veitukerfi .....	40 ár
Gatnakerfi .....	25 ár
Vélar, áhöld og tæki .....	5-10 ár

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

#### f. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði, að frádreginni niðurfærslu vegna virðisrýmunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

Sveitarfélagið færir í samanteknum reikningsskilum sínum hlutdeild í einstökum liðum rekstrar og efnahags byggðasamlaga, sameignarfélaga, sameignarfyrirtækja og annarra félagaforma sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélagsins.

#### g. Langtímakröfur

##### i) Almennar langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikning meðal veltufjármuna.

Reiknaðir eru 4,5% ársvextir á langtímakröfur á eigin fyrirtæki, en lánin eru bundin vísitölu neysluverðs.

##### ii) Langtímakrafa á ríkissjóð vegna leigusamnings um hjúkrunarheimili.

Langtímakrafa á ríkissjóð vegna leigusamningsins um hjúkrunarheimili er færð til eignar á bókfærðu virði sem nemur lágmarksleigugreiðslum leigusamningsins núvirtum með 4,5% vöxtum.

## Skýringar, frh.:

---

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

#### h. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjors A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og eru framlag í lífeyrisaukasjóðs gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

#### i. Birgðir

Birgðir af vörum eru metnar á síðasta innkaupsverði.

#### j. Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

#### k. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár. Yfirdráttur flokkast á meðal skammtímaskulda við lánastofnanir.

#### l. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar í árslok 2025. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 15.

#### m. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding þeirra fyrirtækja í B hluta sem eru tekjuskattsskyld er reiknuð og færð í ársreikninginn, en hún stafar af mismun á skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn þessara fyrirtækja er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þeirra.

Útreikningur á tekjuskattsskuldbindingu byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjorsdegi.

#### n. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

#### o. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Upplýsingar um ábyrgðir og skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings eru birtar í skýringu 20.

#### p. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2025 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisýfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem bæjarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringu 24.

#### q. Betri samgöngur

Mosfellsbær er aðili að Samgöngusáttmálanum og hafa samningsaðilar gert sérstakt samkomulag um fjármagnsskipan Betri samgangna ohf. Bein árleg framlög sveitarfélagsins eru færð með langtímakröfum meðal fastafjármuna í efnahagsreikningi og sem útborgun meðal fjárfestingarhreyfinga í sjóðstreymi, sjá nánar í skýringu 11. Þegar fjárframlagi er ráðstafað til framkvæmda og eignarhald samgöngumannvirkja flyst til sveitarfélagsins er hlutdeild sveitarfélagsins í áföllnum framkvæmdakostnaði fært til lækkunar á langtímakröfunni og eignfærð sem gatnakerfi meðal varanlegra rekstrarfjármuna í eignasjóði. Á framkvæmdatíma einstakra verkefna eru afskriftir ekki færðar. Þegar einstök verkefni eru tekin í notkun hefjast afskriftir, en framkvæmdakostnaður færður sem gatnakerfi meðal varanlegra rekstrarfjármun í eignasjóði, á afskrifuðu kostnaðarverði.

## Skýringar, frh.:

### 4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024
<b>Útsvar og fasteignaskattar:</b>						
Útsvar .....	12.239.482	12.220.720	11.301.385	12.239.482	12.220.720	11.301.385
Fasteignaskattur .....	1.627.823	1.642.234	1.506.012	1.604.466	1.622.095	1.484.540
Lóðarleiga .....	252.679	251.000	243.371	252.679	251.000	243.371
	14.119.985	14.113.954	13.050.768	14.096.627	14.093.815	13.029.296
<b>Framlög Jöfnunarsjóðs:</b>						
Útgjaldajöfnunarframlag.....	567.314	544.000	493.911	567.314	544.000	493.911
Framlög vegna fasteignask.	48.006	41.000	38.466	48.006	41.000	38.466
Framlög vegna grunnskóla .	1.174.979	1.188.000	1.071.012	1.174.979	1.188.000	1.071.012
Framlög v. málefna fatlaðra	2.351.618	2.145.000	2.284.624	2.351.618	2.145.000	2.284.624
Önnur framlög.....	32.317	32.000	32.229	32.317	32.000	32.229
	4.174.233	3.950.000	3.920.241	4.174.233	3.950.000	3.920.241
Skatttekjur samtals.....	18.294.218	18.063.954	16.971.009	18.270.860	18.043.815	16.949.537
<b>Aðrar tekjur:</b>						
Aðrar tekjur.....	3.767.713	3.195.240	3.406.307	5.693.812	5.004.214	5.269.932
Rekstrartekjur samtals .....	22.061.931	21.259.194	20.377.316	23.964.672	23.048.029	22.219.469

### 5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024
Laun .....	9.544.439	9.210.572	8.508.026	9.913.649	9.570.431	8.711.561
Launatengd gjöld .....	2.278.323	2.208.309	2.008.876	2.368.380	2.295.736	2.213.011
Framlög vegna uppgjörs						
A deildar Brúar lífeyriss....	29.112	29.400	29.343	28.173	29.400	30.389
Laun og launat. gjöld samt.	11.851.873	11.448.280	10.546.245	12.310.202	11.895.568	10.954.961
				<b>2025</b>	<b>2024</b>	
Fjöldi starfsmanna í árslok.....				1.045	990	
Fjöldi stöðugilda í árslok.....				847	841	
Ársverk.....				848	832	
Laun og launatengd gjöld bæjarstjóra og bæjarstjórnar.....				102.066	98.805	

### 6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024
Vaxtatekjur og verðbætur ...	23.086	9.000	25.404	105.813	89.271	116.257
Arður af eignarhlutum.....	39.692	40.000	39.683	2.692	3.000	2.683
Vaxtagjöld og verðbætur.....	( 1.349.641 )	( 1.246.717 )	( 1.398.252 )	( 1.473.183 )	( 1.380.610 )	( 1.539.656 )
Vextir frá eigin fyrirtækjum ..	39.338	40.167	45.868	0	0	0
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals.	( 1.247.526 )	( 1.157.550 )	( 1.287.296 )	( 1.364.677 )	( 1.288.339 )	( 1.420.715 )

## Skýringar, frh.:

### 7. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig. Í yfirlitinu eru birtar upplýsingar um rekstrartekjur að frádregnum rekstrargjöldum viðkomandi rekstrareininga.

	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024
<b>Aðalsjóður:</b>			
Skatttekjur .....	18.607.318	18.362.720	17.262.325
Félagsþjónusta .....	( 4.242.897 )	( 3.985.640 )	( 3.786.058 )
Heilbrigðismál .....	( 14.266 )	( 13.827 )	( 10.458 )
Fræðslu- og uppeldismál .....	( 10.147.635 )	( 10.064.912 )	( 9.220.946 )
Meningarmál .....	( 269.291 )	( 263.987 )	( 248.398 )
Æskulýðs- og íþróttamál .....	( 1.838.657 )	( 1.955.969 )	( 1.770.158 )
Brunamál og almannavarnir .....	( 172.740 )	( 163.531 )	( 152.382 )
Hreinlætismál .....	9.574	( 900 )	2.753
Skipulags- og byggingarmál .....	( 106.725 )	( 143.981 )	( 110.694 )
Umferðar- og samgöngumál .....	( 654.630 )	( 706.044 )	( 702.347 )
Umhverfismál .....	( 258.531 )	( 295.411 )	( 292.749 )
Atvinnumál .....	( 1.044 )	( 1.135 )	( 1.073 )
Sameiginlegur kostnaður .....	( 1.100.505 )	( 973.886 )	( 926.482 )
Lífeyrisskuldbinding, breyting og framl. til A deildar Brúar lífeyrissjóðs .....	( 438.722 )	( 334.112 )	( 219.031 )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	408.489	421.865	429.587
Aðalsjóður samtals .....	( 220.263 )	( 118.750 )	253.889
<b>A hluta stofnanir:</b>			
Eignasjóður .....	539.242	406.400	449.093
Þjónustumiðstöð .....	( 34.754 )	( 6.890 )	( 19.244 )
Fasteignafélagið Lækjarhlíð .....	( 34 )	0	0
Samstarfsverkefni A hluta .....	11.586	275	13.007
Innri færslur A hluta .....	( 2.600 )	( 2.600 )	( 2.600 )
A hluti samtals .....	293.176	278.435	694.146
<b>B hluta fyrirtæki:</b>			
Hitaveita .....	56.882	41.146	35.346
Vatnsveita .....	22.700	61.610	61.142
Fráveita .....	131.804	173.304	121.980
Félagslegar íbúðir .....	26.864	105.905	( 19.907 )
Hjúkrunarheimili .....	( 10.954 )	591	47
Hlégarður .....	452	0	( 3.941 )
Samstarfsverkefni B hluta .....	30.292	38.961	25.683
Innri færslur .....	( 37.000 )	( 37.000 )	( 37.000 )
A og B hluti .....	514.215	662.952	877.495

## Skýringar, frh.:

### 8. Varanlegir rekstrarfjármunir

#### a. Bókfært verð

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Byggjand og gatnakerfi	Áhöld og tæki	Leigðar eignir	Samtals
<b>A hluti:</b>					
Heildarverð 1.1.2025.....	29.678.844	2.642.668	235.229	288.725	32.845.466
Endurmat lóða og lendna .....	483.097	0	0	0	483.097
Keypt á árinu .....	2.444.523	( 275.141 )	20.406	0	2.189.788
Fært út á árinu.....	0	0	( 282 )	0	( 282 )
Heildarverð 31.12.2025.....	32.606.464	2.367.527	255.353	288.725	35.518.069
Afskrifað 1.1.2025.....	( 5.615.249 )	( 392.278 )	( 152.631 )	( 288.724 )	( 6.448.883 )
Afskrifað á árinu .....	( 487.647 )	( 42.695 )	( 11.301 )	0	( 541.644 )
Afskrifað samtals 31.12.2025.....	( 6.102.896 )	( 434.973 )	( 163.933 )	( 288.724 )	( 6.990.526 )
Bókfært verð 1.1.2025.....	24.063.595	2.250.390	82.598	0	26.396.583
Bókfært verð 31.12.2025.....	26.503.569	1.932.553	91.420	0	28.527.542
Afskriftarhlutföll .....	0-10%	2,5-4%	15%	4-7%	
	Fasteignir og lóðir	Byggjand, land og gatnakerfi	Áhöld og tæki	Leigðar eignir	Samtals
<b>A og B hluti:</b>					
Heildarverð 1.1.2025.....	30.902.738	7.986.688	674.616	288.725	39.852.767
Endurmat lóða og lendna .....	483.097	0	0	0	483.097
Keypt á árinu .....	2.621.773	433.504	64.934	0	3.120.211
Fært út á árinu.....	( 2.179 )	0	( 1.306 )	0	( 3.485 )
Heildarverð 31.12.2025 .....	34.005.429	8.420.192	738.245	288.725	43.452.591
Afskrifað 1.1.2025 .....	( 6.015.963 )	( 2.586.163 )	( 412.304 )	( 288.725 )	( 9.303.155 )
Afskrifað á árinu .....	( 518.602 )	( 140.552 )	( 47.748 )	0	( 706.901 )
Afskrifað samtals 31.12.2025.....	( 6.534.565 )	( 2.726.715 )	( 460.052 )	( 288.725 )	( 10.010.056 )
Bókfært verð 1.1.2025.....	24.886.775	5.400.525	262.312	( 0 )	30.549.612
Bókfært verð 31.12.2025.....	27.470.864	5.693.477	278.194	0	33.442.534
Afskriftarhlutföll .....	0-10%	2,5-4%	15%	4-7%	

## Skýringar, frh.:

### 8. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.:

#### b. Fjárfesting

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu sundurliðast þannig:

	Fjárfesting 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Mismunur við áætlun
<b>A hluti</b>			
<b>Fasteignir og önnur mannvirki</b>			
Leikskólinn Sumarhús.....	769.662	830.000 (	60.338 )
Varmárskóli, grunnskóli.....	193.455	169.000	24.455
Kvíslarskóli, grunnskóli.....	108.881	135.000 (	26.119 )
Helgafellsskóli, grunnskóli.....	172.373	129.000	43.373
Lágafellsskóli, grunnskóli.....	70.627	90.000 (	19.373 )
Leikskólinn Hlíð.....	28.587	35.000 (	6.413 )
Leikskólinn Hulduberg.....	5.355	0	5.355
Leikskólinn Hlaðhamrar.....	4.826	20.000 (	15.174 )
Krikaskóli, leik- og grunnskóli.....	5.149	20.000 (	14.851 )
Leikskólinn Reykjakot.....	2.886	5.000 (	2.114 )
Íþróttamiðstöðin að Varmá.....	721.386	844.000 (	122.614 )
Íþróttamiðstöðin Lágafelli.....	40.700	205.000 (	164.300 )
Hlégarður.....	28.896	33.000 (	4.104 )
Íþróttamiðstöðin Klettur.....	4.924	18.000 (	13.076 )
Ævintýragarður.....	13.886	10.000	3.886
Skíðasvæði.....	4.158	3.000	1.158
Skammtímadvöl.....	175.855	180.000 (	4.145 )
Búsetukjarni.....	0	50.000 (	50.000 )
Brúarland.....	58.536	50.000	8.536
Bæjarskrifstofur.....	6.943	20.000 (	13.057 )
Þjónustustöð.....	4.787	4.000	787
Fasteignir og önnur mannvirki samtals.....	2.421.871	2.850.000	( 428.129 )
<b>Gatnakerfi</b>			
Gatnaframkvæmdir.....	873.365	1.153.000 (	279.635 )
Gatnagerðartekjur, nettó endurgreiðsla.....	( 1.148.506 )	( 1.295.000 )	146.494
Gatnakerfi samtals.....	( 275.141 )	( 142.000 )	( 133.141 )
<b>Ahöld og tæki</b>			
Bifreiðar.....	10.208	20.000 (	9.792 )
Áhöld og tæki samtals.....	10.208	20.000 (	9.792 )
SHS bs. hlutdeild.....	32.850	17.000	15.850
A hluti samtals.....	2.189.788	2.745.000	( 555.212 )
<b>B hluti</b>			
Hitaveita.....	262.059	247.000	15.059
Vatnsveita.....	252.408	450.000 (	197.592 )
Fráveita.....	201.088	274.000 (	72.912 )
Félagslegar íbúðir.....	133.466	300.000 (	166.534 )
Strætó bs. og Sorpa bs. hlutdeild.....	81.403	68.000	13.403
B hluti samtals.....	930.424	1.339.000	( 408.576 )
Samtals A og B hluti.....	3.120.211	4.084.000	( 963.789 )

Framkvæmdarkostnaður vegna fjárfestinga í nýjum gatnakerfum er færður til eignar í Eignasjóði og innheimtar tekjur gatnagerðargjalda færðar til lækkunar á fjárfestingunni.

## Skýringar, frh.:

### 8. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.:

#### c. Fasteignamat og vátryggingaverð

Brunabótamat, fasteignamat og bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna skiptist þannig í árslok 2025:

	A hluti	A og B hluti
Brunabótamat fasteigna.....	33.761.825	36.942.275
Fasteignamat.....	24.456.169	27.617.469
Vátryggingaverðmæti lausafjármuna.....	1.630.979	1.730.270
Vátryggingaverðmæti götulýsingar.....	797.236	797.236
Vátryggingaverðmæti veitumannvirkja.....		14.170.022

### 9. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Bókfært verð	
		A hluti	A og B hluti
Heilsuvin Mosfellsbæjar ehf. ....	50,0%	3.000	3.000
Landskerfi bókasafna hf. ....	1,2%	1.615	1.615
Lánasjóður sveitarfélaga ohf. ....	1,5%	131.909	131.909
Sorpa bs. ....	4,7%	95.204	0
Spölur hf. ....		6	6
Strætó bs. ....	4,1%	30.230	0
Betri samgöngur ohf. ....	1,3%	52	52
Eignarhlutir í eigu samstarfsverkefna .....		0	13.279
		<u>262.018</u>	<u>149.862</u>

### 10. Samstarfsverkefni með ótakmarkaðri ábyrgð

Hlutdeild í samstarfsverkefnum sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélagsins greinast þannig:

	Ábyrgðar hlutur	Afkoma	Eignir	Skuldir	Eigið fé
<b>A hluti</b>					
SHS bs.....	5,47%	11.586	235.011	62.166	172.844
A hluti samtals.....		<u>11.586</u>	<u>235.011</u>	<u>62.166</u>	<u>172.844</u>
<b>B hluti</b>					
Sorpa bs.....	5,47%	29.632	615.290	255.192	360.097
Strætó bs.....	5,47%	660	169.142	177.286	( 8.144)
B hluti samtals.....		<u>30.292</u>	<u>784.432</u>	<u>432.478</u>	<u>351.954</u>
Samtals A og B hluti.....		<u>41.877</u>	<u>1.019.442</u>	<u>494.644</u>	<u>524.798</u>

### 11. Langtímakröfur og langtímakröfur á eigin fyrirtæki

	Langtíma-kröfur á eigin fyrirtæki	Langtímakröfur	
		A hluti	A og B hluti
Breyting langtímakrafna á árinu greinist þannig:			
Staða langtímakrafna í ársbyrjun .....	470.041	38.716	1.027.062
Betri samgöngur - færnt af skammtímakröfum.....	0	360.163	360.163
Viðbót á árinu.....	0	297.916	297.916
Verðbætur.....	17.403	9.852	46.185
Afborgun langtímakrafna á árinu .....	( 39.668 )	( 2.075 )	( 20.296 )
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	<u>447.777</u>	<u>704.573</u>	<u>1.711.030</u>
Næsta árs afborganir og gjaldfallnar afborganir.....	( 41.453 )	( 2.075 )	( 21.674 )
	<u>406.324</u>	<u>702.498</u>	<u>1.689.356</u>
Afborganir langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:			
Árið 2026 .....	41.453	2.075	21.674
Árið 2027 .....	43.318	2.075	23.529
Árið 2028 .....	45.267	1.498	23.912
Árið 2029 .....	47.304	0	23.417
Árið 2030 .....	49.433	0	24.464
Afborgun síðar .....	<u>221.001</u>	<u>698.924</u>	<u>1.594.034</u>
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	<u>447.777</u>	<u>704.573</u>	<u>1.711.030</u>

Reiknaðir eru 4,5% ársvextir á langtímakröfur á eigin fyrirtæki, en lánin eru bundin vísitölu neysluverðs.

## Skýringar, frh.:

